



Gjaldskrár Sveitarfélagsins Ölfuss fyrir árið 2025

Gjaldskrá fyrir leikskóla	2025
Almennt tímagjald pr. klukkustund milli kl. 08:00 og 16:00 kr. pr. mánuð	4.245
Almennt gjald fyrir hverja 15 mín. vistun frá kl. 07:30-08:00 og 16:00-16:30 pr. mánuð	1.990
Forgangstímagjald pr. klst. milli kl. 08:00 og 16:00 kr. pr. mánuð	2.972
Forgangsgjald fyrir hverja 15 mín. vistun frá kl. 07:30-08:00 og 16:00-16:30 pr. mánuð	1.393
Hádegismatur kr. pr. mánuð	7.300
Morgunhressing pr. mánuð	2.515
Síðdegishressing pr. mánuð	2.515

Afslættir og forgangsgjald

Systkinaafsláttur nær yfir þjónustu Frístundaheimilis, leikskólaþjónustu og þjónustu dagforeldra. Veittur systkinaafsláttur af dvalargjaldi er: 30% með öðru barni og 50% með þriðja barni. Ef barn er hjá dagforeldri og systkin þess á leikskóla/Frístundaheimili er systkinaafsláttur veittur af leikskólagjaldinu/Frístundaheimilisgjaldinu. Ef barn er á leikskóla og systkin þess á Frístundaheimili er afsláttur veittur af Frístundaheimilisgjaldinu.

Forgangsgjald er greiðsla fyrir börn einstæðra foreldra og fyrir börn námsmanna, báðir foreldrar þurfa að vera í fullu námi. Afsláttur af dvalargjaldi er aðeins veittur ef viðkomandi stundar nám sem er a.m.k. 24 ECTS einingar á önn. Einstæðir foreldrar njóta ekki jafnframt námsmannaafsláttar.

Sækja þarf um afsláttinn til sviðsstjóra á netfangið velferd@olfus.is fyrir skólaárið og leggja fram staðfestingu frá skóla um að viðkomandi hafi fengið skólavist og staðfestingu á fjölda eininga á önn. Afslátturinn fellur sjálfkrafa niður í lok maí. Sækja þarf um niðurfellingu fyrir 1. september og 6. janúar ásamt því að endurnýja fyrri umsóknir.